

Reglugerð um innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 772/2004 frá 27. apríl 2004 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2005 frá 11. mars 2005 gildir eftirtalin EB-gerð hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 772/2004 frá 27. apríl 2004 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 772/2004 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 14/2008, 20. mars 2008, bls. 281.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2005 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 38/2005, 28. júlí 2005, bls. 24.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2004, öðlast þegar gildi.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 29. nóvember 2010.

Árni Páll Árnason.

Kjartan Gunnarsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.